

Ed.

231. Frumvarp til laga

[28. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á 5. gr. II. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Orðin „eða stjarna“ í 2. tölulið falli niður.
2. 7. töluliður orðist svo: Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfing hennar.
3. 9. töluliður orðist svo: Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólarinnar.
4. 10. töluliður orðist svo: Þekking á hæðarleiðréttinum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólarinnar í hádegisbaug.
5. Nýr töluliður nr. 11 bætist við greinina: Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með hæðaraðferðinni.

2. gr.

Á 6. gr. sömu laga eru gerðar eftirtaldar breytingar:

1. Málsgreinin „Að kunna að finna breiddina af athugun sólar“ o. s. frv., falli niður.
2. Málsgreinin „Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu“ o. s. frv., falli niður.

3. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Við stýrimannaskólann skulu, auk skólastjóra, vera að jafnaði fjórir skipaðir kennarar, þrjú kennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastakennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.